2. gr.

Árlegt sorphirðu- og förgunargjald vegna heimilisúrgangs frá íbúðum og fyrirtækjum skv. 4. og 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi er sem hér segir:

Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli eða íbúðarhús utan þéttbýlis, enda sé einn eða fleiri einstaklingar skráðir þar til lögheimilis, sorphirðugjald kr. 6.000 og sorpförgunargjald kr. 3.500.

3. gr.

Á hvert fyrirtæki, sorpförgunargjald kr. 1.000 pr./m^3.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og förgun samkvæmt 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjald samkvæmt 3. gr. er innheimt af sveitarfélaginu

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps 29. janúar 2004 og staðfest af Heilbrigðiseftirliti Austurlands 30. janúar 2004, er sett samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 og sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og heimild í 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi nr. 127/2004, til að öðlast gildi við birtingu.

Breiðdalshreppi, 9. febrúar 2004.

Sigfríður Þorsteinsdóttir sveitarstjóri.

10. febrúar 2004 Nr. 149

SAMÞYKKT

Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur kemur á hreinsun fráveituvatns og reglubundinni losun, vinnslu eða förgun seyru úr rotþróm í samræmi við reglugerðir um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og reglugerð um meðhöndlun seyru nr. 799/1999. Samþykkt þessi nær til allra fasteigna (íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana og atvinnustarfsemi). Samþykktin nær til rotþróa, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd verksins. Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og færir staðsetningu á deiliskipulag sveitarfélagsins. Sveitarstjórn annast sjálf eða felur þar til bærum aðilum framkvæmd verksins. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er skylt að leiða fráveitu frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum í rotþró af viðurkenndri stærð og gerð og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað að mati heilbrigðisnefndar. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf fyrir nýjar og endurbættar fráveitur.

3. gr.

Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd annað hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistiþjónustu og þriðja hvert ár við heimili og sumarhús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirstjórn með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnin á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd.

4. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyrulosun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróm og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og enzýma til að auka virkni rotþróa.

II. KAFLI
Gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar seyru.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, til að standa undir kostnaði við seyruhirðu og meðhöndlun. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við magn og tíðni seyruhirðu. Heimilt er að innheimta seyrugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd seyru eða öðru samkomulagi við viðkomandi. Jafnframt er heimilt að taka gjald vegna aukalosana. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

6. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur samkvæmt gjaldskránni og eftir umfangi og magni seyru frá viðkomandi starfsemi eða fasteign. Sveitarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá gjaldtöku þegar um er að ræða ellilífeyrisþega. Um slíkt skal sótt til sveitarstjórnar, sem fjallar sérstaklega um hvert mál fyrir sig.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

7. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefndar.

8. gr.

Um brot á samþykkt þessari og málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Samþykktin tekur gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 10. febrúar 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

5. febrúar 2004 Nr. 150

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 92/2003, um meistaranám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

Fyrirsögn greinarinnar verður: Meistaranámsnefnd lyfjafræðideildar.

Í stað orðsins „Rannsóknanámsnefnd“ í upphafsmálslið greinarinnar kemur: Meistaranámsnefnd.

Í stað orðsins „meistaranámsnefndir“ í 2. málsl. greinarinnar kemur: undirnefndir um meistaranám einstakra stúdenta sbr. 10. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4., 5. og 7. og 11. og 12. gr. reglnanna:

Í stað orðsins „rannsóknanámsnefnd“ í þessum greinum kemur: meistaranámsnefnd.

Í stað orðsins „rannsóknanámsnefndar“ í þessum greinum kemur: meistaranámsnefndar.

Í stað orðsins „bóklegu“ í síðasta málslið 12. gr. kemur: fræðilegu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglnanna:

Fyrirsögn greinarinnar breytist og verður: Meistaranefndir.

Greinin verður svohljóðandi:

Heimilt er að skipa meistaranefnd um meistaranám einstaks stúdents sem skipuð er þremur sérfróðum mönnum og skal einn þeirra vera umsjónarkennarinn. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í meistaranefnd. Meistaranámsnefnd lyfjafræðideildar skipar meistaranefndir. Hlutverk meistaranefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar. Meistaranefnd skal árlega skila stuttri skýrslu um framvindu námsins til meistaranámsnefndar lyfjafræðideildar. Að öllu jöfnu skal ekki skipuð meistaranefnd vegna stúdenta sem eru í fræðilegu meistaranámi, enda hefur meistaranámsnefnd lyfjafræðideildar umsjón með þeim.